

Alþingi.
Samgöngu og umhverfisnefnd
sent á rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 10. janúar 2020

Efni; umsögn þingsályktun um Samgönguáætlun 2020-2034, mál 435, 150. löggjafarþing.

Umsögn þessi byggir á ályktinum 4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldið á Hól mavík þann 25. og 26. október 2019.

- Ályktun um samgöngumál
 - Vegaáætlun
 - Hafnarmál
 - Flugmál
 - Almenningsamgöngur
 - Vegþjónusta
 - Gjaldtaka
 - Hringvegur 2 [um Vestfirði]
- Ályktun um uppfærða heildaráætlun í jarðgangagerð á Vestfjörðum
- Ályktun um vegaf framkvæmdir í Árneshreppi

Umsögnin er einnig efnislega samhljóða umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga í Samráðsgátt, varðandi drög samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis að Samgönguáætlun 2020-2024 og drög að Samgönguáætlun 2020-2034. Sé efni þingsályktunar borin saman við drög að samgönguáætlun þá voru gerðar eftirfarandi breytingar.

- Framlag til Dynjandisheiðar lækkuð um 200 mkr á árinu 2024 og verklok færð til 2025.
- Framlag til Veidileysuháls færast frá öðru tímabili á fyrsta tímabil þ.e. á árinu 2024 með 300 mkr framlagi. Heildarframlag til verkefnisins hækkað úr 700 í 750 mkr.

Byggðþróun, atvinnuþróun og samgönguframkvæmdir

Vilji stjórnvalda til eflingar byggða um land allt liggur fyrir að hálfu Alþingis með byggðaáætlun og í ríkisstjórnarsáttmála. En til að bregðast við langvarandi neikvæðri byggðapróun þarf mikið atak til. Stjórnvöld hafa beitt sér með sértækum aðgerðum á síðustu áratugum með því að stuðla að uppbyggingu stóriðju og hafa beitt öðrum áætlunum s.s. samgönguáætlun til að styðja við slík verkefni.

Horft til Vestfjarða í heild þá hefur landshlutinn um rúmlega 30 ára skeið, glímt við samdrátt í efnahagslífi og samhliða stöðuga fækkun íbúa, auk áfalla vegna náttúruhamfara. Fækkun íbúa eftir sveitarfélögum er á bilinu 25 – 45 % og aldursamsetning breyst verulega til hins verra.

Sértæk inngríp stjórnvalda hafa vissulega komið til á Vestfjörðum í gegnum árin til að mæta þessum vanda, en ekki af því afli sem stóriðjuverkefni hafa fengið og því ekki skilað eins miklum árangri og vætningar stóðu til. Telja verður nú þegar ný sóknarfæri hafa komið fram að landshlutinn fái leiðréttingu sinna mála, en samt með minni beinum inngrípum og verið hafa .

Hér er vísað til að á síðustu fimm árum hefur loks hægt á neikvæðri byggðaþróun á Vestfjörðum. Þannig er orðin viðsnúningur á sunnanverðum Vestfjörðum og verulegur bati á norðanverðum Vestfjörðum og Reykhólahreppi. Þáttur fiskeldis í þessari breytingu er þar einna stærstur en ferðaþjónusta, sjávarútvegur og iðnaður koma þar á eftir. Á Ströndum er hinsvegar áframhaldandi neikvæða þróun. Samdráttur í sauðfjárbúskap hefur þar veruleg áhrif til hins verra auk erfiðleika í sjávarútvegi.

Uppbygging fiskeldis og ferðaþjónustu eru því megináhrifaþáttur í jákvæðri þróun samfélaga á Vestfjörðum. Hvað varðar fiskeldi þá er áætlað að slátrað hafi verið um 12.500 t af lax og regnbogasilungi á árinu 2019 og áætlað að það verði um 18.000 t á árinu 2020.

Framleiðsluverðmæti fyrir landið í heild er áætlað um 25 milljarðar og má áætla að rúmur helmingur sé á Vestfjörðum. Meginþungi þessara framleiðslu hefur verið bundinn við Bíldudal með stórauðni álagi þungaflutninga á vegakerfi og höfn.

Það eru samt svo að vísbendingar eru um að þróunin fari að hökta á Vestfjörðum, sökum þess að hlutar stofnvegakerfisins, sem eru með óbundnu slitlagi, eru orðnir flöskuhálsar og geta í engu mætt þeim kröfum sem atvinnulífið og samfélagið setja í dag. Samgönguáætlun verður að taka mið af þessari stöðu og hér verður að setja aukið fjármagn þannig ljúka megi nauðsynlegustu vegaförum á fyrsta tímabili áætlunarinnar. Með þeim hætti ná stjórnvöld að sinna þörfum nýrra atvinnugreina og um leið ná að festa í sessi jákvæða byggðaþróun án annarra beinna inngrípa.

Í byggðaþróun á Íslandi hefur varla gefist annað eins tækifæri til vaxtar á einu svæði og væri hörmulegt að fara glutra því niður, vegna skammsýni í fjárveitingum. Verður kynnt hér síðar í þessari umsögn tillaga um Atvinnuþróun og samgöngur. Um leið þarf að gæta að svæði sem er í vörn og ná að snúa þeirri vörn í sókn og verður hér síðar í umsögn kynnt tillaga Byggðaþróun og samgöngur.

En aftur að stöðu samgönguverkefna, það ber einnig að horfa til þess að staða þess hluta vegakerfisins á Vestfjörðum sem er 40 til 60 ára gamall, er afleiðing af uppsöfnuðum vanda af aðgerðaleyfi í viðhaldi vega á Vestfjörðum og kaos í skipulagsmálum. Landshlutinn á hér inni fjármagn og vissulega rífur í að laga slíkt ástand á skömmum tíma, en sá sársauki dvínar hratt með hraðari innkomu á tekjum til ríkissjóðs af nýjum atvinnugreinum vegna aukins hagræðis í rekstri þeirra.

Stjórnvöld eru þá einnig að veita Vestfjörðum þann stuðning sem væri í takt við aðra landshluta á síðustu áratugum. Eins mætti við umfjöllun og afgreiðslu Alþingis á samgönguáætlun að tengja aðgerðir í samgöngumálum á Vestfjörðum, við væntanlegar tillögur nýlegs átakshóps

ríkisstjórnar sem stofnaður var í kjölfar óveðurs nú í desember s.l.. En hlutverk átakshópsins er að koma með tillögur um eflingu innviða í flutnings- og dreifikerfi raforku, fjarskiptum, samgöngum og byggðamálum til skemmri og lengri tíma.

Hér er gert grein fyrir helstu tillögum Fjórðungssambandsins á samgönguáætlun 2020-2024

Í tillögu að samgönguáætlun er gert ráð fyrir fjármagni 19.350 mkr til verkefna á Vestfjörðum á fyrsta og öðru tímabili samgönguáætlunar. Því er lýst hér að framan að flýta verði verkefnum sem kallar á aukin fjárframlög í heild og í umræðu á 4. Haustþingi FV í lok október, kom skýrt fram að hálfu samgönguráðherra að aukning á fjármagni á fyrsta tímabili væri því sem næst útilokuð.

Fjórðungssambandið telur að vinna megi með þennan fjárhagsramma en um leið geta flýtt verkefnum. Vill sambandið benda á að verkefnin eru aðskilin og reynslan hefur sýnt að fjármagn hefur frosið inni, m.a. vegna deilna um umhverfismál. Fjármagn hefur því verið til reiðu en ekki hægt að nýta það og ekki horft til heildaráhrifa á vegakerfi á Vestfjörðum sem slík bið veldur. Fjórðungssambandið vill gera tillögu um breytingu á þessari nálgun

Atvinnuþróun og samgöngumál - Flýting Bíldudalsvegur.

Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir hér tillögu til um þær 18.100 mkr sem veittar eru til Vestfjarðavegar í Gufudalssveit (7.200 mkr), Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði (5.800 mkr) og Bíldudalsveg (4.800 mkr). verði veitt í heild sinni til þessara þriggja verkefna og þau unnin á tímabilinu 2020 – 2025. Á fyrri hluta þessa tímabils verði áhersla á framkvæmdir sem hér segir; **vegur um Gufudalsveit, Bíldudalsvegur**, vegkaflar á Dynjandisheið **frá Mjólka í Arnarfirði** að t.d. að **Botnshesti uppaf Geirþjófsfirði** eða að „**Dynjandistjörn**“ uppaf Dynjandisvogi og síðan vegur frá **vegamótum Bíldudalsvegur og Vestfjarðavegar 60 í Helluskarði** eftir atvikum að **Tröllahálsi í Pennudal** eða alla leið að **Hörgsnesi í Vatnsfirði**.

Með þessari tillögu ætti að vera mögulegt að flýta framkvæmd á Bíldudalsvegi og tengja hann við Vestfjarðaveg 60 að Hörgsnesi í Vatnsfirði og léttu á þungaflutningum um Hálfán og Mikladal. En vegir um Hálfán, um Tálknafjörð og Mikladal geta ekki mætt stórauðnum þungaflutningum vegna atvinnuuppbyggingu á Bíldudal í fiskeldi og vinnslu kalkþörungs. Eykur þetta að óþörfu vankvæði í skipulagi og rekstur fiskeldis og auka kostnað fyrirtækja við flutning afurða og aðfanga til reksturs. Hagkvæmt er því að léttu álagi á þessum vegum með endurbótum á Bíldudalsvegi auk þess sem öryggi vegfarenda eykst verulega.

Þetta yrði gert með því að færa fjármagn af Dynjandisheiði og þá m.a. vegna hugsanlegra tafa á afgreiðslu umhverfismats og útgáfu framkvæmdaleyfa. Reynsla kemst einnig á tímabilinu þá á rekstur vegar um Dynjandisheiði miðað við heilsársumferð, sem hæfist 2020 með opnun Dýrafjarðargangna. Fjármagn verður þá ekki heldur bundið við framkvæmd á Vestfjarðavegi 60 í Gufudalssveit ef ófyrir séðar tafir verði enn á þeirri framkvæmd, en þar hefur fjármagn verið bundið í síðustu 10 ár án þess geta nýst í aðrar framkvæmdir á Vestfjörðum.

Að lokum má leið líkum að því að með samhliða útboði á vegagerð um Dynjandisheiði og Bíludalsvegi gefst færi á að nýta hagræði af því að skipta vinnu eftir árstíðum en framkvæmdum á Dynjandisheiði þarf að fresta yfir vetrartímann.

Byggðaaðgerð á Ströndum, Hringvegur 2 og samgöngumál.

Samkvæmt tillögu samgönguáætlunar verða lagðar 1.050 mkr í Veiðileysuháls og Innstrandaveg með 300 mkr framkvæmd undir lok fyrsta tímabils og 750 mkr framkvæmd á öðru tímabili. Vegna bráðs byggðavanda er lagt til að þessu fjármagni verði veitt á fyrsta tímabil og fjármagn komi þar inn.

Aðgerðaleyssi stjórnvalda varðandi Árneshrepp á síðustu áratugum, með ítrekuðum frestunum á samgönguverkefnum, hafa haft bein áhrif á fækkun íbúa og fækkun sauðfjárbúa í sveitarfélaginu. Er svo komið að heilsárbúseta í sveitarfélaginu er í bráðri hættu.

Endurbætur á Innstrandavegi. Um er að ræða 5 km kafla með óbundnu slitlagi sem slítur í sundur vegkafla með slitlagi sem þjóna íbúum Strandabyggða að sækja þjónustu til Hólmavíkur, en um 18 ár eru síðan Kirkjubólshreppur og Hólmavíkurhreppur sameinuðust og 14 ár að Broddaneshreppur sameinaðist þessum sveitarfélögum í Strandabyggð. Hér er einnig um að ræða stofnveg í þjóðvegakerfi landsins.

Á öðru tímabili verði lagðar 3.500 mkr í Innstrandaveg, sem er um 35 km kafla með óbundnu slitlagi. Með þessari tillögu verður komin heilsársvegur með bundnu slitlagi á alla stofnvegi á Vestfjörðum og um leið verður 1.000 km ferðamannaleið, Hringvegur 2, komin í gagnið með sambærlegum gæðum. Aðgerðin mun efla ferðaþjónustu í Strandabyggð og nágrennasveitarfélögum og auka öryggi íbúa í Strandabyggða að sækja þjónustu.

Á þriðja tímabili verði veittar 2.500 mkr til úrbóta á vegi frá Djúpavík að vegamótum Gjögurflugvallar

Hér verður í greinargerð gert nánar grein fyrir helstu verkefnum.

Greinargerð (með umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga til Alþingis um þingsályktunartillögu að samgönguáætlun 2020-2034).

Í vegaráætlun þarf að koma að bæta við eftirfarandi nýframkvæmdaverkefnum.

Dýrafjarðargöng. Verkefninu líkur á árinu 2020 og þar með er stærstu hindrun rutt úr vegi að koma á viðunandi heilsárssamgöngum á milli sunnan og norðanverðra Vestfjarða. Áhrif þessa á atvinnulíf og samfélög verða víðtæk sérstaklega á nýjar atvinnugreinar s.s. laxeldi og fyrir ferðaþjónustuna með verkefninu Hringvegi 2.

Vestfjarðavegur 60 um Gufudalssveit. Skipulagsstofnun samþykkti í nóvember s.l., tillögu sveitarstjórnar Reykhólahrepps um breytingar á aðalskipulagi sem heimilar endurbætur á Vestfjarðavegi 60 um Gufudalssveit samkvæmt P-H leið. Tillaga samgönguáætlunar er að verkefnið verði framkvæmt á fyrsta tímabili áætlunarinnar og tilgreint nauðsynlegt fjármagn. Fjórðungssamband Vestfirðinga fagnar þessum áfanga og væntir þess að nú sjái loks fyrir endann á 15 ára biðstöðu þessa máls og umsókn um framkvæmdaleyfi verði afgreidd og útboð geti átt sér stað eigi síðar en um mitt ár 2020.

Dynjandisheiði. Mikilvægt að aukið er við fjármagn til að ljúka megi verkefninu á fyrsta áætlunartímabilinu 2020-2024, en gerð er krafa um að stytta verktíma í stað þess að dreifa honum á fimm ár. Verkefnið fækkar einnig einbreiðum brúm á stofnvegakerfi landsins.

Bíldudalsvegur. Mikilvægt að nú er lagt til að aukið verði við fjármagn til þess að vinna verkefnið. Það er sett á áætlun að ljúka því á öðru framkvæmdatímabili, 2025 til 2029. Tímarammi verkefnisins er hinsvegar ekki í takt við uppbyggingu samfélaga og atvinnulífs á sunnanverðum Vestfjörðum. Verkefnið þarf því að komast inn á fyrsta tímabil samgönguáætlunar og nýta hagræði skipta vinnu eftir árstíðum á móti nýframkvæmdum á Dynjandisheiði. Verkefnið fækkar einnig einbreiðum brúm á stofnvegakerfi landsins.

Vakin er athygli á því að í úttekt Vegagerðar um ástand klæðninga á vegum á Vestfjörðum var slitlag á vegi frá Bíldudal og að Bíldudalsflugvelli var í heild sinni dæmt ónýtt. Hraða þarf því viðhaldi þessa vegakafla þannig að gæði hans sé í takt við nýjan veg.

Innstrandavegur. Mikilvægt er að vegkafli á hluta Innstrandavegar er nú kominn á samgönguáætlun að nýju, enda er hann hluti af vegi fyrir þjónustusókn íbúa Strandabyggðar. Sú ákvörðun um að taka veginn af samgönguáætlun var í raun forkastanlegt og það er því réttmæt krafa að framkvæmdin verði sett á fyrsta tímabil samgönguáætlunar. Samtímis þarf að tryggja að fjármagn verði sett á annað tímabil samgönguáætlunar og vegurinn verði lagður bundnu slitlagi í lok þess tímabils m.a. sem hluta af verkefninu Hringvegi 2 og fækkun einbreiðra brúa á stofnvegakerfi landsins.

Veiðileysuháls. Tillaga um að færa verkefnið af fyrsta tímabil á annað tímabil Samgönguáætlunar er fullkomlega forkastanleg. Samkvæmt Samgönguáætlun 2019-2023 átti að vinna verkefnið á árinu 2022, þeirri tillögu var harðlega mótmælt að hálfu vestfirskra sveitarfélaga. Um áratuga skeið hefur verið bent á að verkefnið sé lykilþáttur í að hafa áhrif á neikvæða þróun samfélagsins í Árneshreppi og nú síðast í markmiðssetningu verkefnisins Áfram Árneshreppur. Gangi tillagan óbreytt fram eru stjórnvöld í raun að senda þau skilaboð að leggja beri niður samfélagið í Árneshreppi.

Gerð er að lokum krafa um að sett verði fjármagn á síðasta tímabil samgönguáætlunar til endurbóta á vegi frá Djúpavík og að Gjögri.

Jarðgangaáætlun. Það mikilvægt að sérstök jarðgangaáætlun er nú sett fram sem hluti af Samgönguáætlun og jarðgangaverkefni verði eftirleiðis samfelld á öllu áætlunartímabilinu. Í jarðgangaáætlun þarf að setja inn eftirfarandi framkvæmdir:

- Súðavíkurgöng
- Jarðgöng milli búsetusvæða innan Vesturbyggðar og falli þar með að meginmarkmiðum samgönguáætlunar (• Þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins. • Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög verði um land allt).
- Breikkun gangna undir Breiðadals og Botnsheiði
- Göng undir Klettsháls

Um leið verður að lýsa vonbrigðum hve lítið rými jarðgangaáætlun fær í heildarskjalinu og er í raun upptalning á jarðgangakostum sem komið hafa inn í umræðuna með mismunandi hætti en ekki eftir heildstætt mat. Í annan stað að jarðgangagerð á áætlunartímabilinu verða í samfelldri framkvæmd, jarðgöng á Mið - Austurlandi. Hér um að ræða óviðandi stöðu því samgöngukerfi á Vestfjörðum þurfa að mæta fyrirsjáanlegum vexti í atvinnulífi s.s. fiskeldi og ferðaþjónustu auk fjölgunar íbúa. Fjallvegir sem tenging á milli byggðarlaga innan atvinnusvæða eru í þeim efnun, fortíðarlausn. Skorað er því á stjórnvöld að vinna að heildstæðri jarðgangaáætlun til næstu 45 ára og leggja fram í þingsályktun sem viðauka við Samgönguáætlun, eigi síðar en á haustþingi 2020. Þar verði jarðgangaframkvæmdum forgangsraðað og fjármögnunarleiðir útlistaðar.

Hafnarmál.

Vaxandi umsvif í höfnum á Vestfjörðum vegna fiskeldis, sjávarútvegs, móttaka skemmtiferðaskipa og nýting kalkþörungs, kalla á aukið fjármagn og flýtingu framkvæmda. Hraður vöxtur sem kallar á mikla uppbyggingu á skömmum tíma er hafnarsjóðum ofviða og þar þarf að grípa til aðgerða. Við hafnaframkvæmdir verði einnig tekið mið af áætlun stjórnvalda um orkuskipti.

Flugmál.

Mótmælt er að ekki er gerð nein tillaga um að bregðast við ófremdarástand varðandi viðhald áætlunarflugvalla á Vestfjörðum. Ítrekuð er krafa vestfirskra sveitarfélaga um hækkun á framlögum til innanlandsflugs og auknu fjármagni verði veitt til viðhalds og endurbóta á flugvöllum á Gjögri, Bíldudal og Ísafirði. Þá minnir Fjórðungsþing á mikilvægi Reykjavíkurflugvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar.

Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Mikilvægt er að áætlunarflug sé raunverulegur valkostur fyrir ferðir íbúa og mikilvægt að lagt er til í Samgönguáætlun að niðurgreiða flugfargjöld.

Auk þessa þarf að auka fjármagn til niðurgreiðslu áætlunarflugs m.a. að mæta þeirri kröfu að flogið verði til Bíldudals daglega og að minnsta kosti einu sinni í viku verði flogið tvisvar á dag enda hafi nýting á Bíldudalsflugvelli aukist mikið á síðustu árum.

Almenningssamgöngur

Lýst er áhyggjum af innleiðing heildarstefnu í almenningssamgöngum utan höfuðborgarsvæðis. Stjórnvöld hafa sett fram áhugaverða stefnu (Ferðumst saman) um eflingu almenningssamganga innan atvinnusvæða og þjónustusókn á milli landshluta. Á sama tíma eru framlög til málaflokksins samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2020 og fjármálaáætlun 2019-2023 lækkuð á næstu árum og því erfitt að sjá hvernig almenningssamgöngur utan höfuðborgarsvæðisins geti gengið.

Þess er krafist að framlög til reksturs almenningssamgangna á Vestfjörðum verði hækkuð verulega og almenningssamgöngukerfið eflt í nánú samstarfi við sveitarfélögin. Markmið verði sett á að almenningssamgöngur innan vinnusóknarsvæða verði með nægri tíðni ferða til að nýtast sem raunhæfur valkostur fyrir íbúa og gesti.

Vegaþjónusta.

Lýst er áhyggjum að framlög til vegapjónustu munu ekki að mæta aukinni umferð á vegum landsins og bent er á að ekki er gerð tillaga um að mæta uppsöfnuðum halla á vetrarþjónustu í frumvarp til fjárlaga 2020. Augljóst er að ekki er hægt að reka málaflokkinn með þessum hætti og mæta ekki vaxandi þörf í takt við aukna eftirspurn. Hækka þarf framlag til að auka vetrarþjónustu milli þéttbýliskjarna Vestfjarða og innan vinnusóknarsvæða í takt við eflingu almenningssamgangna.

Gjaldtaka.

Mótmælt er hugmyndum um gjaldtöku í jarðgöngum. Jarðgöng á Íslandi, að undantekningu Hvalfjarðargöng, hafa verið sett í framkvæmd til að leysa af hættulega fjallvegi og hlíðar. Þannig hefur verið komið á jafnræði íbúa landsins með því að byggja upp öruggar heilsársamgöngur

milli sveitarfélaga og milli byggðarlaga innan sveitarfélaga og síðan tengingu við aðra hluta landsins. Eigi yfir höfuð að ræða gjaldtöku, þá má á sama hátt horfa á gjaldtöku á mislæg gatnamót, umferðarbrýr, umferðastokka og brýr yfir ár og fljót sem ígildi „ganga“ til að koma umferð í gegnum. Eingöngu er fallist á gjaldtöku í jarðgöng ef tryggt er að önnur heilsársleið sé fær.

Hringvegur 2.

Skilgreint verði nýtt verkefni innan Samgönguáætlunar 2020-2034, Hringvegur 2 eða Vestfjarðahringur sem yrði nýr hringvegur fyrir Ísland og ferðapjónustu á Íslandi. Allt í allt 1000 km vegur sem liggur um Dali, Vestfirði og Hrútafjörð, með mikla fjölbreytni náttúru, menningar og afþreyingar.

Samþætting áætlana.

Stjórnvöld hafa í auknu mæli lagt áherslu á samþættingu áætlana, þannig að þær vinni í takt við ná fram markmiðum stjórnvalda í heild. Samgönguáætlun kemur víða inn á aðrar áætlanir en hér verða tilgreindar tvær áætlanir

Byggðaáætlun.

Í þingsályktun um Byggðaáætlun 2018-2023 segir; Alþingi ályktar að náið samráð milli ráðuneyta, stofnana ríkisins, sveitarfélaga, atvinnulífs og borgarsamfélags sé mikilvægt við framkvæmd byggðastefnu. Með því móti verði tryggð samhæfing við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera.

Markmið stjórnvalda í byggðaáætlun eru að: a. jafna aðgengi að þjónustu, b. jafna tækifæri til atvinnu, c. stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.

Verkefni er varða *aðgengi að þjónustu*;

c. Aðgengi landsmanna að grunnþjónustu verði jafnað og kostnaður við að sækja afþreyingu til höfuðborgarinnar verði lækkaður.

d. Net almenningsamgangna á landinu öllu verði skilgreint og reglur mótaðar um niðurgreiðslu fargjalda.

e. Hvatt verði til notkunar fjölbreyttra sjálfbærra samgöngumáta, svo sem göngu og hjólreiða

Verkefni er varða *Tækifæri til atvinnu*.

a. Fjármunir verði tryggðir til framkvæmda á tillögum í samgönguáætlun, einkum hvað varðar innanhéraðsvegi, tvíbreiðar brýr og öruggar samgöngur á grundvelli vinnu- og þjónustusóknarsvæða og stækkunar þeirra.

Rétt er að minna á að nær allir innhéraðsvegir á Vestfjörðum eru samhliða hluti af stofnvegakerfi landsins.

Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024.

Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 var samþykkt á fundi stjórnar Vestfjarðastofu þann 21. október 2019.

Framtíðarsýn sóknaráætlunar er sem hér segir;

Vestfirðir eru framúrskarandi svæði til að búa, starfa, heimsækja og njóta hreinnar náttúru og kyrrðar. Þar er öflugt, vaxandi alþjóðlegt þekkingarsamfélag sem einkennist af kraftmikilli sköpun, sterkri sjálfsmynd og umhverfisvitund. Góðir innviðir, öflug samfélagsleg þjónusta og fjölbreytt atvinnulíf sem einkennist af virðingum fyrir umhverfi, samfélagi og auðlindum.

Forsendur þess að ná árangri byggja á eftirfarandi atriðum, feitletruð atriði varða samgönguáætlun sérstaklega.

1. Að Sóknaráætlun Vestfjarða verði samstarfsverkefni sveitarfélaga, íbúa, stofnana og atvinnulífs á Vestfjörðum.
- 2. Að á tímabili þessarar Sóknaráætlunar verði Hringvegur 2 lagður bundnu slitlagi og fær allt árið.**
3. Að lög og reglugerðir um nýtingu auðlinda séu skýr og þeim fylgt.
4. Að verkefnum Byggðaáætlunar verði hrint í framkvæmd.
5. Að flutningskerfi raforku á Vestfjörðum verði samkeppnishæft við aðra landshluta.
6. Að fjarskiptakerfi á öllum Vestfjörðum verði samkeppnishæft við aðra landshluta.
7. Að húsnæðisskortur hamli ekki atvinnuuppbyggingu og ný tegund húsnæðislána nýtist á Vestfjörðum.
- 8. Að áætlunarflug verði skilgreint sem almenningsamgöngur og samgöngumiðstöð verði byggð upp á höfuðborgarsvæðinu.**
9. Aðgengi að fjölbreyttri heilbrigðisþjónustu verði tryggt.

Átakshópur stjórnvalda um eflingu innviða.

Í kjölfar óveðurs í byrjun desember s.l., stofnaði ríkisstjórn átakshóp fimm ráðuneyta sem hefur það hlutverk með höndum að koma tillögur um eflingu innviða í flutnings- og dreifikerfi raforku, fjarskiptum, samgöngum og byggðamálum til skemmri og lengri tíma.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur að beiðni átakshópsins tekið saman greingargerð um áhrif óveðursins og tillögur um verkefni til að draga úr áhrifum slíkra atburða á samfélag og atvinnulíf. Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur til sambærilegar tillögur til átakshópsins um



úrbætur í samgöngumálum og hér til Alþingis varðandi tillögu til samgönguáætlunar 2020 – 2034. En öll þessi samgönguverkefni gera auðveldara að halda uppi heilsárþjónustu á milli byggðarlaga á Vestfjörðum og tengingu við aðra landshluta.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri Vestfjarðastofu